



# Stefna Reykjaneshæjar í skjalamálum



# Stefna Reykjanesbæjar í skjalamálum

Samþykkt í bæjarstjórn 8. maí 2018.

Skjalastefna Reykjanesbæjar á að tryggja örugga meðferð og vörslu opinberra skjala með réttindi íbúanna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu Reykjanesbæjar að leiðarljósi.

## Umfang

Stefnan tekur til allra skjala sem tengjast rekstri Reykjanesbæjar, stofnana og félaga í meirihlutaeigu þess.

## Tilgangur og markmið

Tilgangur stefnunnar er að tryggja að þau skjöl sem berast eða mynduð eru hjá Reykjanesbæ séu aðgengileg og varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög og reglugerðir.

- Að unnið sé samkvæmt verklagsreglum Reykjanesbæjar í skjalastjórnun
- Að regluleg kynning á lögum og reglum um skjalastjórn fari fram

## Ábyrgð

Bæjarstjóri ber ábyrgð á skjalastjórn Reykjanesbæjar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Skjalastjóri hefur umsjón með skjalastjórnun Reykjanesbæjar í umboði bæjarstjóra og framfylgir skjalastefnu. Hann ber ábyrgð á gerð verklagsreglna og reglulegri endurskoðun þeirra og innleiðingu skjalastjórnunar.

Sviðsstjórar tryggja að unnið sé í samræmi við samþykktar verklagsreglur í skjalastjórn.

Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalastjórnun sinna stofnana og að unnið sé í samræmi við samþykktar verklagsreglur í skjalastjórn.

Tölvudeild tryggir rekstur skjalakerfa í samráði við skjalastjóra.

Starfsmenn bera ábyrgð á þeim skjölum sem þeir búa til, taka á móti eða nota við vinnu sína með einum eða öðrum hætti í samræmi við verklagsreglur í skjalastjórn.